6
26. jan.

Reglugjörð

um sjón skipstjórnarmanna.

Samkvæmt lögum nr. 42, 3. nóv. 1915 um atvinnu við siglingar, er hjer með sett eftirfarandi ákvæði um sjón skipstjóra, stýrimanna og formanna.

1. gr.

Skipstjórar og stýrimenn á skipum, sem eru yfir 12 lestir, skulu sanna með lækisvottorði, að þeir hafi minst sjónskerpuna $^6/_9$ á öðru auga, og hinu auganu minst $^6/_{24}$, án glerja, og að þeir geti að minsta kosti greint grænt ljós frá rauðu ljósi í 6 metra fjarlægð frá Gräfes Fotometer með 3 mm. ljósopi og sje eitt kertaljós í mælinum. Skal í vottorðinu skýrt frá sjónskerpu hvors auga fyrir sig án glerja og með glerjum, og ennfremur með hvaða aðferð litskygni hefir verið ákveðin.

Vottorð þetta skal endurnýjað á 10 ára fresti.

2. gr.

Formenn á vjelbát eða þilskipi 6—12 lesta að stærð, skulu sanna með læknisvottorði, að þeir hafi minst sjónskerpuna $^6/_{18}$ á betra auga, en $^6/_{24}$ á hinu, án glerja, og að þeir geti að minsta kosti greint grænt ljós frá rauðu í 6 metra fjarlægð frá Gräfes Fotometer með 3 mm. ljósopi og sje eitt kertaljós í mælinum. Skal í vottorðinu skýrt frá sjónskerpu hvors auga fyrir sig án glerja og með glerjum, og ennfremur með hvaða aðferð litskygni hefir verið ákveðin.

Vottorð þetta skal endurnýjað á 10 ára fresti.

3. gr.

Í sambandi við ákvæðin í 1. og 2. gr. hjer á undan skal þess getið til leiðbeiningar fyrir lækna að það er handhæg en fullgild sönnun fyrir óskertri litskygni, ef lesnar eru skekkjulaust Stillings Pseudo-isochromatische Tafeln (Georg Thiemes Verlag, Leipzig).

Í stjórnarráði Íslands, 26. janúar 1916.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.